

Velferðarnefnd Alþingis

14. mars 2023

Efni: Frumvarp um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, 679. mál.

Í 1. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008 segir að markmið laganna sé að tryggja sjúkratryggðum aðstoð til verndar heilbrigði og jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu óháð efnahag, svo sem nánar er kveðið á um í lögnum og í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu, lög um réttindi sjúklinga og önnur lög eftir því sem við á. Jafnframt er markmið laga um sjúkratryggingar að stuðla að rekstrar- og þjóðhagslegri hagkvæmni heilbrigðisþjónustu og hámarksgæðum hennar eftir því sem frekast er unnt á hverjum tíma. Þá er markmið laganna að styrkja hlutverk ríkisins sem kaupanda heilbrigðisþjónustu og kostnaðargreina heilbrigðisþjónustuna. Ef leggja á mál fyrir gerðardóm í þeim tilfellum þegar ekki nást samningar má draga í efa að markmið laga um sjúkratryggingar nái fram að ganga.

Ráðherra markar stefnu í heilbrigðisþjónustu og skulu samningar gerðir í samræmi við þá stefnumörkun, m.a. um skipulag heilbrigðisþjónustu, forgangs röðun verkefna innan hennar, hagkvæmni og gæði þjónustunnar og aðgengi að henni, sbr. 40. gr. laga um sjúkratryggingar. Samningar skulu m.a. kveða á um magn, tegund og gæði þjónustu, hvar hún skuli veitt og af hverjum, ásamt endurgjaldi til veitanda og eftirliti með framkvæmd samnings. Í samningum skulu vera ákvæði um kröfur til veitenda þjónustu, m.a. um hæfni, þjónustusvæði og þjónustustig.

Val á viðsemjendum skal fara fram á hlutlægum og málefnalegum forsendum. Við val viðsemjenda skal skv. lögnum m.a. taka mið af stefnumörkun ráðherra, hæfni, gæðum, hagkvæmni, kostnaði, öryggi, viðhaldi nauðsynlegrar þekkingar og jafnræði.

Lög um sjúkratryggingar gera ráð fyrir að hjá Sjúkratryggingum sé starfsfólk sem búi yfir sérþekkingu á málaflokknum og geti metið alla ofangreinda þætti. Auk þess býr stofnunin yfir ýmsum greiningum og tölulegum upplýsingum. Bent skal á að oft er um mjög langa og flókna samninga að ræða.

Ljóst er að samningsgerð Sjúkratrygginga snýr ekki eingöngu að verði fyrir veitta þjónustu. Það er mat Sjúkratrygginga að það sé afar hæpið að gerðardómur geti metið aðra þætti samninga, s.s. að gera þarfagreiningar, geti skilgreint þá heilbrigðisþjónustu sem ríkinu beri að kaupa, magn þjónustunnar, gæði hennar og öryggi, hagkvæmni o.s.frv.

F.h. Sjúkratrygginga Íslands

